

9. fundur stjórnar landssambands DKG

Á Skype 11. ágúst 2020 kl. 19.30

Mættar: Ingibjörg, Jóna, Jónína, Theodóra, Aníta, Jenna og Guðrún Edda.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð verður lesin á næsta fundi.

2. Ráðstefnan – hvað eigum við að gera?

Ákveðið að halda ráðstefnuna og skipuleggja hana þannig að öllum reglum vegna Covid verði hlýtt. Sem liður í því verði ráðstefnunni streymt og hluti hennar tekinn upp ef fyrirlesarar samþykkja það. Ingibjörg ræðir við menntamálanefndina um að ræða þetta við fyrirlesara.

a. Skráningar

Farið yfir stöðu skráninga á ráðstefnuna.

3. Dagskrá framkvæmdaráðsfundar og framkvæmd

Framkvæmdaráðsfundurinn hefst föstudaginn 11. september kl. 15:00 í Tónlistarskólanum í Borgarnesi, þar sem fundað verður með formönnum deilda, nefnda og starfsmönnum stjórnar. Borðað verður á Landnámssetrinu kl. 18:30.

Ingibjörg kynnir drög að dagskrá fundarins. Ákveðið að Guðrún Edda kveiki á kertum, Jónína Erna Arnardóttir verði beðin að flytja orð til umhugsunar og Sigrún Klara kynni markmið samtakanna og einnig lagabreytingar. Formenn nefnda kynni starf nefnda sinna og Eygló kynni vefsíðu samtakanna.

Ingibjörg sendir uppfærða dagskrá fundarins og hvetur formenn til mætingar á fundinn.

a. Eigum við að bjóða fleirum á fundinn

Rætt um hverjum er boðið á fundinn og ákveðið að það verði 13 formenn deilda, formenn 6 nefnda, 3 starfsmönnum og 5 stjórnarkonum landsstjórnar.

4. Starfið í deildunum – nýjar stjórnir

Ingibjörg hefur fengið upplýsingar um flesta nýja formenn deilda, en ekki hafa fengist upplýsingar um stjórnir.

5. Innheimta félagsgjalda, hvernig er staðan?

Jenna fer yfir stöðu innheimtu félagsgjalda.

6. Tillaga að landssambandsþingi 2021. Dagsetning og staður

Lagt til að landssambandsþing 2021 verði haldið 8. maí í Reykjanesbæ. Tillagan verður rædd við þetadeild.

7. Önnur mál

Ákveðið að fá tilboð í streymi og upptöku vegna ráðstefnunnar í haust.

Næsti fundur ákveðinn 25. ágúst kl. 19:30

Fundargerð ritaði Aníta Jónsdóttir